

Skýrsla forstöðumanns Skaftfells við árslok 2011

Rekstur og staða

Í upphafi árs 2011 var staða fjármögnunar mjög óljós sökum endurnýjunar og samræmingar menningarsamninga við landshlutana og óljósrar stöðu rekstrarsamninga menningarmiðstöðvanna í því ferli. Af þeim sökum var brugðið á það ráð að minnka starfshlutfall forstöðumanns niður í 50% (var 80% árið áður) að hans eigin frumkvæði enda var launaliðurinn það eina sem var eftir til að skera niður. Þessi aðgerð hefur haft neikvæð áhrif á starfsemina þar sem verkefni hafa unnist hægt og ekki hefur gefist nægur tími til að sinna fjárlögun sem skildi. Við lok ársins 2011 er fjárhagssstaða því afar bágborin og ekki útlit fyrir annað en að áfram þurfi að velta rekstrartapi yfir á næsta rekstrarár svo endar nái saman. Í heildina eru það um tvær milljónir sem vantar uppá til að koma út á nálli. Þrátt fyrir að nú séu nýjir rekstrarsamningar tilbúnir til undirritunar ætti það að vera öllum ljóst sem að þeim koma að það fjármagn sem þeir hljóða uppá, átta milljónir í heildina, dugar ekki fyrir grunn rekstri miðstöðvarinnar. Því er það brýnasta mál næsta árs að mati forstöðumanns að endurskoða allan rekstur og fjármögnun og finna farsæla lausn á framtíðar fyrirkomulagi fjármögnunar. Það væri að mati forstöðumanns afar óskynsamlegt að skera aftur niður í starfsannahaldi þar sem það gefur auga leið að við það tapast einnig möguleikar á frekari fjármögnunarvinnu, nema stjórn sé þeim mun tilbúnari að leggja í þá vinnu án þóknunar en það getur varla talist eðlilegt. Auknir fastir rekstrarstyrkir eða óbundið fé og ef til vill nýjar leiðir til að ná niður rekstrarkostnaði húsnæðis eru einu lausnirnar sem forstöðumaður sér á þessum tíma. Ekki verður skorið niður í verkefnum þar sem fjármögnun þeirra er yfirleytt fremur auðveld og án þeirra hefur stofnunin jú ekkert hlutverk. Mögulega mætti skoða nýja nálgun við verkefnaval þegar nýr listrænn stjórnandi tekur við 2013 þar sem farið yrði í viðameira samstarf á milli landa til að geta sótt meira í sjóði utan landsteinanna.

Sýningar og uppákomur

Verkefni ásins 2011 hafa verið all mörg þrátt fyrir stöðuna. Hið viðamikla Frásagnasafn, verkefni listræns stjórnanda Cristoph Büchel, fór seint af stað en er komið á mjög góðan skrið nú í lok árs. Söfnunarmiðstöðin í aðalsal Skaftfells opnaði 17. júní og þann 26. nóvember verða kaflaskil í verkefninu þar sem viðtölin frá Þjóðfræðistofu, samstarfsaðilunum í Strandabyggð koma inn í Söfnunarmiðstöðina. Að undanskilinni hefðbundinni sýningu á verkum nemenda á námskeiði LHÍ og Dieter Roth Akademíunnar hefur Frásagnasafnið verið eina verkefnið í aðalsalnum.

Sýningar á Vesturveggnum og í Bókabúðinni – verkefnarými hafa verið fjölmargara á árinu, fram á sumar og frá hausti hafa sýningarnar flestar verið á verkum gestalistamanna Skaftfells og nemenda í myndmennt frá Seyðisfjarðarskóla. Í sumar fór fram uppákomuröðin *Vertíð* í þessum tveim rýmun en að auki var flakkað með uppákomur á Neskaupsstað og Egilsstaði í samstarfi við hinar menningarmiðstöðvarnar. Listamennirnir sem tóku þátt komu flestir í gegnum Skaftfell og voru ýmist gestalistamenn, listamenn sem áttu leið hjá eða eru búsettir á Seyðisfirði. (sjá aftast fyrir lista yfir sýningar/sýnendur).

Gestalistamenn Skaftfell héldu listamannaspjall þar sem þeir sýna og segja frá verkum sínum nokkrum sínum yfir árið eða á tveggja til þriggja mánaða fresti. Þessar uppákomur hafa ráðist af því hvenær nýir listamenn koma til dvalar. Þessar kynningar hafa mælst vel fyrir, þær eru mis vel sóttar en það hefur fyrst og fremst

verið einkar gagnlegt fyrir starfsmenn Skaftells og listamennina sjálfa að fá svona góða innsýn inn í vinnuaðferðir hvers annars.

Fræðsla

Grunnskóli Seyðisfjarðar hefur falið Skaftelli kennslu í myndmennt á unglungastigi eða 7. – 10. bekk. Kennslan er 4 kls. á viku og hefur farið fram í Bókabúðinni – verkefnarými. Kennrarar á vorönn voru Helgi Örn Pétursson og Þórunn Eymundardóttir en á haustönn tók myndlistarmaðurinn Litten við kennslunni. Þetta samstaf við skólann hefur gengið vel og vonandi verður í framtíðinni hægt að auka það enn frekar.

Námskeið fyrir erlendar akademíur var búið til og sett í kynningu í upphafi árs. Sökum tímaskorts tókst þó ekki að koma námskeiðinu á laggirnar þetta árið en módelið er til. Því er um að gera að leggja vinnu í það á komandi vori að kynna það betur og reyna að keyra námskeiðið næsta haust.

Hið árlega tveggja vikna námskeið LHÍ, Dieter Roth Akademíunnar, Tækniminjasafnsins og Skaftells fór fram í febrúar. Þetta var 11 námskeiði og því löngu farið að rúlla mjög vel smurt.

Verkefnið *Hvað býr í kassanum – myndlistarannsókn fyrir ungt fólk*, fræðsluverkefni í myndlist fyrir efri bekki grunnskóla fór af stað í vor og var öll hönnunar og undirbúnings vinna unnin af Hildigunni Birgisdóttur listamanni og kennara við myndlistaskólann í Reykjavík. Sökum þess að fjármögnun stóðst ekki var einungis hægt að ljúka við þennan þó mikilvæga undirbúningshluta. Kassinn er nú til reyðu og þegar fjármagn fæst mun hann verða fjölfaldaður, námskeið verður haldið fyrir myndmenntakennarana og að því loknu mun kassanum verða dreyft í alla grunnskólana á Austurlandi.

Gestavinnustofur

Til viðbótar við íbúðina í Skaftelli og Hól við Vesturveg var Skaftell með Járnhúsið við Fossgötu á sínum snærum frá janúar og fram í lok júní. Í upphafi ágúst tók svo Skaftell við efri hæð Norðurgötu 5 og var því með 3 hús fyrir gestalistamenn allt árið utan júlí. Samræming á verði og skipulagi húsanna og lenging dvalartímans frá árinu áður gaf mjög góða raun og er það mat forstöðumanns að ekki þurfí að hrófla frekar við þessu fyrirkomulagi. 3 hús þýðir að listamennirnir hafa samfélag hver með öðrum, þeir vinna mikið saman, aðstoða hver annan og eiða einnig frítíma sínum mikið saman. Lengri dvalir hafa það í för með sér að listamennirnir ná að vinna betur og kafa dýpra í það sem þeir eru að fást við, þeir mynda sterkari tengingu inn í samfélagið og við stofnunina og geta frekar tekið þátt í ýmissi starfsemi eins og kennslu, sýningahaldi, listamanaspjalli o.s.frv. Ofantalið hefur það einnig í för með sér að vinnuálag starfsmanna Skaftells hefur í raun minkað þrátt fyrir aukin fjölda listamanna. Hinsvega mætti gera mun betur í allri vinnu með listamönnunum, skipulagi á uppákomum, kynningum og tengingu þeirra inn í fjórðunginn. Það ætti þó að horfa til hins betra í þeim málum nú þegar ákveðið hefur verið að ráða hlutastarfsmann sem sér fyrst og fremst um þessa hluti ásamt kennslu og öðrum verkefnum.

Þeir listamenn sem döldust í gestavinnustofum Skaftells á árinu eru:

Andrea Weber, Konrad Korabiewski & Litten, Steven Ladousier & Malina Calinen, Anthony Bacigalupo, Henrikka Härkonen, Tom B. Rasmussen, Catherin Sagin & Kate Woodcroft, Carl Boutard, Guðrún Hrönn, Ásdís Sif Gunnarsdóttir og Ragnar

Kjartansson, Barbara Amalie Skovmand Thomsen, Nina Frgic & Noëlle Ody, Karin Reichmuth & Claudia Linder, Julia Martin, Melkorka Huldudóttir & Marta María Jónsdóttir, Kristín Elva Rögnvaldsdóttir, Fiete Stolte, Romina Abate, Matt Jacobs og Lisa Domin. Að auki dvöldust nemendur á LHÍ námskeiði í gestavinnustofu Skaftfells og Lunga hafði Hól til umráða í júlí.

Skaftfell hlaut styrk á árunum 2010 og 2011 frá Kultur kontakt Nord til þess að bjóða skandinaviskum og baltnenskum listamönnum styrk til dvalarinnar. Það voru Carl Boutard frá Svíðþjóð og Barbara Amalie Skovmand Thomsen frá Danmörku sem hlutu styrkinn á árinu.

Þess má til gamans geta að Konrad Korabiewski & Litten festu kaup á húsi er þau dvöldust í gestavinnustofunni að Hóli í janúar og eru nú flutt til Seyðisfjarðar.

Annað er viðkemur rekstri

Ný rekstraraðili, Húsahótel ehf. tók við Bistrói Skaftfells í apríl. Þau lögðu talsverða vinnu og fjármuni í endurbætur á húsnæðinu. Til að koma til móts við þau útgjöld var þeim afhent allt lauslegt í aðstöðunni til eignar; leirtau, eldhúsähöld etc. Mikil ánægja hefur verið með reksturinn og samstarfið með afbrygðum gott.

Skaftfell tók að sér viðburðadagatalið ÁSeyði og sá um að taka saman dagskránna, gefa hana út og dreifa. Að auki er hún hýst á heimasíðu Skaftfells.

Forstöðumaður tók þátt í ýmiskonar fundarhöldum og málþingum tengdum menningarstarfi á Austurlandi og brá sér einnig til Helsinki í boði Kultur Kontakt Nord á þing gestavinnustuhaldara.

Að lokum frá fostöðumanni

Stjórnarskipti voru á árinu og á fyrsta fundi nýrrar stjórnar þann 31. ágúst sagði ég upp störfum og félst á að vinna út árið eða þar til rekstrarsamningar væru í höfn og nýr starfsmaður hefði verið ráðin. Á næsta fundi stjórnar sagði Ólafia María Gísladóttir starfi sínu lausu, hún lýkur störfum í lok nóvember 2011. Því mun árið 2012 hefjast í höndum nýrra starfsmanna en ráðning þeirra er nú í höfn. Undirrituð hefur setið í þessu starfi í hart nær sjö ár, fyrst í sjálfbóðavinnu veturninn 2004 – 2005 en svo sem ráðin forstöðumaður frá vori 2005. Þrátt fyrir að hafa tekið tvö fæðingarorlof, annað mjög langt eða 10 mánuði, þá er það mat mitt að það sé Skaftfelli og mér sjálfrí fyrir bestu að breyta til. Þar sem fjármögnunarmál hafa verið fremur döpur allan þennan tíma er tímabært að inn komi aðili sem geti betur tekið á þeim málum. Á tímabilinu hafa hinsvegar miklar skipulagsbreytingar átt sér stað og er það von míni að starfið sé nú það vel mótað að einfalt sé að taka við því og halda áfram með alla uppbyggingu og frekari mótu. Þetta hafa verið skemmtileg ár og ég hef lært mikið á þeim. Það er því með miklu hlýhug til Skaftfells sem ég kveð þetta starf. Ég mun án efa gefa kost á mér í önnur verkefni fyrir Skaftfells verði þess óskað síðar. Ég vil nota þetta taekifæri og þakka öllum þeim sem ég hef unnið með á tímabilinu fyrir samvinnuna.

finnn = Finnjan.

Upptalning á sýningum/verkefnum á árinu 2011 í tímaröð:

Janúar	25. júní
Björn Roth	Neskaupstaður
Aðalsalur	Ásdís Sif Gunnarsdóttir & Ragnar Kjartansson ásamt gestum Rauða torgið @16:00 - 18:00 Listraðið eftirmiðdagur í Neskaupstað, "Soirée" Skemmtidagskrá með tónlist, söng og gjörningum
Janúar	25. júní - 8 júlí
Andrea Weber	<i>Tryjásafn Seyðisfjarðar</i> Unnar Örn & Olivia Plender
Bókabúðin – verkefnarými	Bókabúðin – verkefnarými
Febrúar	1.-3. júlí
Listamannaspjall	Pólskar kvíkmyndir
Konrad Korabiewski og Litten	Skaftfell
Anthony Bacigalupo	1. Pociag/ Night Train (1959) - Jerzy Kawalerowicz 2. Salto (1965) - Tadeusz Konwicki 3. Nóż w wodzie/ Knife in the water (1961) - Roman Polanski 4. Rysopis/ Identification (1964) - Jezry Skolimowski
Febrúar	8. – 10. júlí
<i>Annan hvern dag á öðrum stað</i>	Egilstaðir
LHÍ nemar af DRA námskeiði	Pólskar kvíkmyndir
Aðalsalur	1. Pociag/ Night Train (1959) - Jerzy Kawalerowicz 2. Salto (1965) - Tadeusz Konwicki 3. Nóż w wodzie/ Knife in the water (1961) - Roman Polanski 4. Rysopis/ Identification (1964) - Jezry Skolimowski
2. Apríl	8. – 9. júlí
<i>Beauty of the Car Accident</i>	Sýningar hefjast kl. 21.00 alla þrjá dagana. Enginn aðgangseyrir.
Non Grata	Neskaupstaður
Bókabúðin – verkefnarými	<i>Enter the Mayhemisphere</i>
Partur af dagskrá Sequences 2011	Gamlia vélsmiðjan
18. Apríl	Þungamálms listahátið á Eistnaflug - myndlist, tónlist og gerningar
Listamannaspjall	12. júlí
Henriikka Härkönen	Seyðisfjörður
Catherin Sagin (Kate Woodcroft)	Open Mike @21:00 - 24:00
Tom B. Rasmussen	Vesturveggurinn, Skaftfell
<i>They are the ones that make us</i>	30. júlí
Henriikka Härkönen	Egilstaðir
Sýndi í bókasafni Skaftells	Auxpan, Helgi Örn, Konrad Korabiewski & Litten
<i>Streytishvarf</i>	Rafmagnsmúsík
Catherin Sagin/Kate Woodcroft	Sláturnhúsið @16:00
Vesturveggurinn	17. júní
<i>Canibal Farm</i>	<i>Garðveisla</i>
Tom B. Rasmussen	Félagsskapurinn Fjallkonan
Bókabúðin Verkefnarými	Austurvegur 48, garðurinn @15:00 - 17:00
21. maí	Gerningar, tónlist, matur og gufuböð, allir veru velkomnir,
Opið hús – <i>Paradisareyja</i>	hvort sem er til að njóta eða
Járhúsið gestavinnustofa	leggja eitthvað til málanna
Kate Woodcroft og Catherin Sagin	1. ágúst
17. júní	<i>Tónlistarskemmtun í anda Hauks og Ellýjar</i>
<i>Frásagnasafnið</i>	Herðubreið @16:00
aðalsalur	Aðgangseyrir/Entrance fee kr. 1000
VERTÍÐ – sumar uppákomu röð menningamiðstöðvanna:	Bjarni Freyr Ágústsson – söngur, gítar og trompett, Erla Dóra Vogler – söngur, Jón Hilmar Kárason – gítar, Þorlákur Ægir Ágústsson – bassi, Águst Árman Þorláksson – píanó og hljómborð og Marias Kristjánsson – trommur
17. júní	
<i>Baðstofa / rythmar</i>	
Ráðhildur Ingadóttir	
Angró, Hafnargötu	
Lauk 1 ágúst	
21. júní	
<i>Outer Station / Gufubad</i>	
Carl Boutard	
Austurvegur 48, bakgarður	
Jónsmessu gufa - takið með baðföt	

6. ágúst	29. september
Neskaupstaður	I want to feel how close you are
Auxpan, Helgi Örn, Konrad Korabiewski & Litten	Barbara Amalie Skovmand Thomsen & Ulla
Rafmagnsmúsik	Eriksen
Blúskjallarinn @21:00	Bókabúðin – verkefnarými
13. ágúst	1. – 2. október
Seyðisfjörður	RIFF – Alþjóðleg kvíkmyndahátið
<i>We are Between you and Me</i>	Aðalsalur
Barbara Amelia Skovmand Thomsen	
Vesturveggurinn, Skaftfell	
<i>Shorties for Humans</i>	1. október
Nina Frgic, Maria Dabow, Claudia Hausfeld & Katla Stefánsdóttir	<i>Sjóniða</i>
Vesturveggurinn, Skaftfell	Karin Reichmut
Raftónleikar í Skaftelli	
Auxpan, Helgi Örn, Konrad Korabiewski & Litten	
Vertíð lýkur.	október
Ágúst	Listamannaspjall
Listamannaspjall	Fiete Stolte
Julia Martin	Romina Abate
Barbara A.S. Thomsen	Claudia Linder
Noël Ody	
Nina Frgic	
Ágúst	5. nóvember
<i>Vertíð – skrásetning á viðburðum sumarsins</i>	<i>Teiknimyndasaga verður til</i>
Goddur	Sveinn Snorri Sveinsson
Bókabúðin – verkefnarými	Vesturveggurinn
26. ágúst	11. nóvember
<i>Bækurnar sem ég hef ekki lesið</i>	<i>Í öðrum víddum</i>
Noël Ody	Nemendur í myndmennt
Gerningur í Bókabúðinni – Verkefnarými	Bókabúðin – verkefnarými
12. september	26. nóvember
<i>Hríga</i>	<i>Frásagnasafnið</i>
Kristín Elva Rögnvaldsdóttir, Marta María	Kaflaskil – Strandamenn bætast í safnið, rithöfundar
Jónsdóttir & Melkorka Huldudóttir	segja sögur
Vesturveggurinn	Aðalsalur
	Desember
	Julia Martin
	Bókabúðin – verkefnarými
	óákveðin sýning
	Vesturveggurinn

Listrænn stjórnandi 2011 – 2012: Cristoph Büchel

Sýninga- og verkefnastjóri: Þórunn Eymundardóttir

Ný stjórn tók til starfa í ágúst 2011:

Fyrir BÍL: Hrafnhildur Sigurðardóttir
til vara Ásta Ólafsdóttir

Fyrir Skaftfellshópinn: Daníel Björnsson - gjaldkeri stjórnar
til vara Aðalheiður Borgþórsdóttir

Hanna Sigurkarlsdóttir - formaður stjórnar
til vara Ólafur Örn Pétursson

Fyrir SFK: Svava Lárusdóttir - ritari stjórnar og varaform.
til vara Vilhjálmur Jónsson

Fyrir fjölsk. Garðars Eym: Helgi Örn Pétursson
til vara Garðar Bachman